

Viðauki við ráðningarsamning sveitarstjóra Dalabyggðar frá 26.07.2018.

Ráðningarsamningur Kristjáns Sturlusonar sem sveitarstjóra Dalabyggðar framlengist þar til nýr sveitarstjóri hefur störf, þó ekki lengur en til og með 15. ágúst, með þeirri breytingu á 5.gr. að sex mánaða biðlaun sem Kristján á rétt á og verða greidd skv. ráðningarsamningnum skerðast ekki vegna launa sem hann kann að þiggja vegna starfa sem tilgreind eru í 4. gr. ráðningarsamningsins (störf sem Kristján hefur haft heimild til að sinna meðfram starfi sveitarstjóra).


Verði nýr sveitarstjóri ekki kominn til starfa fyrir fund sveitarstjórnar í ágúst (og verði sá fundur haldinn eftir 15. ágúst) mun Kristján aðstoða við undirbúning fundarins og boðun hans.

Eftir að Kristján lætur af starfi sveitarstjóra 15. ágúst, eða fyrr (ef nýr sveitarstjóri kemur til starfa fyrir 15. ágúst), mun hann taka 30 orlofsdaga vegna áunnins orlofs vegna tímabilsins 01.09.2018 - 31.04.2021 og í framhaldinu áunna orlofsdaga vegna 01.05.2021 - 15.08.2022 (eða áður byrji nýr sveitarstjóri fyrr). Laun í orlofi skulu greiddast með hlunnindum á sama hátt og væri starfsmaður í vinnu. Að loknu orlofi taka við sex mánaða biðlaun samkvæmt ráðningarsamningi með þeirri breytingu sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein samkomulags þessa.

Kristján heldur farsímatækinu sem hann hefur haft til afnota sem sveitarstjóri.

Samningur þessi er gerður skv. ákvörðun 291. fundar byggðarráðs Dalabyggðar 08.06.2022.

F.h. Dalabyggðar



Skúli H. Guðbjörnsson
Formaður byggðarráðs



Kristján Sturluson